



Nr.: GAT-115	Menntaskólinn í Kópavogi	
Útgáfa: 01		
Dags.: 13.02.2019		
Höfundur: GV		
Sampykkt: MF		
Síða 1 af 2	Áfangalýsing ÞÝSK1AA05	

Búið til – útg.	22. sept. 2016
Námsgrein	Þýska
Titill	Þýska 1 fyrir grunn notanda - a
Skammstöfun	ÞÝSK1AA05
Viðfangsefni	Evrópski tungumálaramminn, grunnur, stig a1
Staða áfanga	Sampykkt af skóla
Prep áfanga	1
Einingafjöldi áfanga	5
Lýsing áfanga	Þar sem þetta er byrjunaráfangi, er megináhersla lögð á að nemendur tileinki sér undirstöðuatriði tungumálsins. Strax frá upphafi eru nemendur þjálfaðir í lesskilningi ásamt samskiptabáttunum tali, framsögn, hlustun og ritun í samræmi við Evrópska tungumálarammann. Áhersla er lögð á réttan framburð, uppbyggingu orðaforða og að þjálfna grunnatriði málfræðinnar. Fléttað er inn í kennsluna menningu þýskumælandi landa. Lögð er áhersla á að nemendur geri sér ljósa eigin ábyrgð í málanámi og átti sig á mikilvægi eigin frumkvæðis og vinnu.
Forkröfur áfanga	Engar
Þekkingarviðmið	Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: <ul style="list-style-type: none"> • þeim orðaforða sem nauðsynlegur er til að mæta • markmiðum áfangans • grundvallarþáttum þýska málkerfisins • menningu, samskiptavenjum og siðum þýskumælandi landa og þjóðanna þar sem tungumálið er talað sem móðurmál/fyrsta mál
Leikniviðmið	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: <ul style="list-style-type: none"> • greina talað mál um kunnugleg efni þegar talað er hægt og skýrt og geta fylgt einföldum fyrirmælum og skilið helstu kveðjur og kurteisísásvörp • lesa og greina orð og mjög einfaldar setningar úr daglegu lífi • taka þátt í einföldum samræðum og tjá sig um efni sem hann þekkir • tjá sig um sjálfan sig, fjölskyldu sína og atburði daglegs lífs með því að beita grunnorðaforða tungumálsins

Nr.: GAT-115	Menntaskólinn í Kópavogi	
Útgáfa: 01		
Dags.: 13.02.2019		
Höfundur: GV		
Sampykkt: MF		
Síða 2 af 2	Áfangalýsing ÞÝSK1AA05	

	<ul style="list-style-type: none"> • skrifa stuttan, einfaldan texta um sjálfan sig og sitt nánasta umhverfi
Hæfniviðmið	<p>Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</p> <ul style="list-style-type: none"> • hlusta á og greina einfalt talað mál um sjálfa/n sig og nánasta umhverfi og draga viðeigandi ályktanir • rökstyðja og bera saman notkun á einföldum setningum yfir athafnir daglegs lífs • leggja grunn að einföldum samræðum þannig að hann rökstyðji, spyrji og svari einföldum, algengum spurningum og spurningum um kunnug málefni • draga ályktanir og nota einföld orðasambönd og setningar til þess að segja frá búsetu sinni og fólki sem hann þekkir • skipuleggja frásögn og rökstyðja orðaval í skapandi skrifum
Námsmat	<p>Fjölbreytt námsmat endurspeglar markmið áfangans í öllum færniþáttum (lesskilningur, hlustun, tal og ritun, auk málfræði) í samræmi við evrópsku tungumálamöppuna (ETM). Námsmat byggir á kennara-, sjálfs- og jafningjamati sem útfært er nánar í kennsluáætlun hverju sinni.</p>